

## GJALDSKRÁ

### fyrir vatnsgjald, notkunargjald og heimæðargjald hjá Vatsuveitu Garðabæjar.

#### 1. gr.

##### *Vatnsgjald.*

Af öllum fasteignum í Garðabæ sem tengdar eru Vatsuveitu Garðabæjar, skal greiða vatnsgjald árlega til Garðabæjar, nema sérstaklega sé um annað samið.

#### 2. gr.

##### *Stofn til álagningar vatnsgjalds.*

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,11% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

##### *Gjalddagar.*

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 4. gr.

##### *Notkunargjald.*

Notkunargjald er 22,6 kr./m<sup>3</sup> miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2013 119,3 stig og breytist árlega til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

#### 5. gr.

##### *Heimæðargjald.*

Til að standa straum af kostnaði vatsuveitu við lagningu heimæðar frá dreifiað í stofnkрана húss og uppsetningu hans skulu fasteignareigendur greiða heimæðargjald til bæjarsjóðs Garðabæjar samkvæmt gjaldskrá þessari. Um heimæðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um vatsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

#### 6. gr.

##### *Grunnur heimæðargjalda og lágmarksgjald.*

Fjárhæð heimæðargjalds miðast við, að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatsveitunnar við lóðamörk að tengistað mannvirkis (inntaksstað). Ennfremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af vatsveitunni.

### I Íbúðarhús

- |  |                                    |
|--|------------------------------------|
| A) Einbýli, par- og raðhús                   |                                    |
| 32 mm heimtaug grunnjald                     | 129.800 kr./íbúð                   |
| Viðbótargjald fyrir heimæð > 10 m            | 1.300 kr./m heimæðar (umfram 10 m) |
| B) Fjölbýli (án „sprinklers“kerfis)          |                                    |
| 40 mm heimtaug grunnjald                     | 158.655 kr./heimtaug               |
| 50 mm heimtaug grunnjald                     | 192.440 kr./heimtaug               |
| 63 mm heimtaug grunnjald                     | 214.900 kr./heimtaug               |
| Viðbótargjald fyrir heimæð > 10 m            | 2.080 kr./m heimæðar (umfram 10 m) |
| C) Fjölbýli (með „sprinkler“) sjá iðnaðarhús |                                    |

**II Iðnaðarhús**

75 mm heimtaug grunnjald	314.730 kr./heimtaug
90 mm heimtaug grunnjald (m/„sprinkler“)	348.525 kr./heimtaug
110 mm heimtaug grunnjald (m/„sprinkler“)	405.800 kr./heimtaug
Viðbótargjald fyrir heimæð > 20 m	2.080 kr./m heimæðar (umfram 20 m)

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 10.405 kr./m vegna skurðgraftar. Sama á við þegar Garðabær leggur til ídráttarrör og annast skurðgröft. Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða þegar frost er í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sem greiðist eftir á:

	Dýpt	Kr./lengdarmetra
Klaki/klöpp	< 30 sm	2.990
Klaki/klöpp	≥ 30 sm	6.080

Sé sótt um byggingarvatn um leið og sótt er um heimæð er gjaldið fyrir byggingarvatnskranu kr. 14.110. Sé aðeins sótt um byggingarvatnskranu greiðist áætlaður kostnaður fyrir tengingu og aftengingu hans.

Viðbótargjald vegna ónothæfs ídráttarrörs skal vera kr. 10.405 á metra.

## 7. gr.

*Greiðsluskilmálar og breyting á fjárhæð gjaldsins.*

Heimæðargjald fellur í gjalddaga er vatnsveitan hefur samþykkt beiðni fasteignareiganda um lagningu heimæðar og skal það greitt áður en framkvæmdir eru hafnar við lagningu heimæðar. Gjaldið getur þó fyrst fallið í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

Heimæðargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í desember 2013 119,8 stig og endurreiknast miðað við breytingar á byggingarvísitölu á 6 mánaða fresti (í desember og júní).

## 8. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gjalda.*

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda og lóðarréttarhafa og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjöldin eru tryggð með lögveðsrétti í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum má taka fjárnámi.

## 9. gr.

*Gildistaka gjaldskrár.*

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar samkvæmt 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1097/2010.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 5. desember 2013.*

**Guðjón Erling Friðriksson** bæjarritari.